Hljómsveitin Stjórnin aftur á Hótel Íslandi

HLJÓMSVEITIN Stjórnin er gestum Hótels Íslands að góðu kunn og ætlar nú loksins að láta sjá sig þar aftur og leika föstudaginn 6. júlí.

Þetta verður í eina skiptið sem Stjórnin leikur í Reykjavík í sumar og verður 18 ára aldurstakmark þetta kvöld á Hótel Íslandi.

Eftir góðan árangur í Júgóslavíu þann 5. maí sl. hefur hljómsveitin þeyst um landið þvert og endilangt og leikið á tónleikum og dansleikjum í bland.

Laugardaginn 7. júlí leikur Stjórnin á tónleikum í Njálsbúð og mun ríkissjónvarpið verða í för með sveitinni þar sem unnið er að sjónvarpsþætti um hljómsveitina.

Um Eitt lag enn er það að segja að unnið er að þýskri útgáfu á laginu og sitja þau Grétar og Sigga sveitt yfir þýsku lesefni þessa daganna.



Hljómsveitin Stjórnin.



Fjöldi tiginna gesta var við athöfnina.

Morgunblaðið/Björn Blöndal

Keflavíkurflugvöllur:

Yfirmannaskipti hjá flotastöðinni

Keflavík.

YFIRMANNASKIPTI urðu hjá flotastöð varnarliðsins við hátíðlega athöfn sl. föstudag. Þá tók James I. Munsterman kafteinn við starfi yfirmanns flotastöðvarinnar af Richard E. Goolsby kafteini sem gegnt hafði því starfi frá því í júlí 1988.

Flotastöðin á Keflavíkurflugvelli er sú deild varnarliðsins sem sér um rekstur þjónustu við aðrar deildir liðsins og er yfirmaður stöðvarinnar nokkurs konar bæjarstjóri varnarliðsins, en þar starfa um 1.100 Íslendingar, auk mörg hundruð starfsmanna verktakafyrirtækja.

James I. Munsterman kafteinn er frá Lombard í Illinois-fylki. Hann lauk prófi í viðskiptafræði í Lewis College í Lockport í sama fylki. Hann varð liðsforingi í flotanum 1968 og lauk námi í flugi 1969. Á ferli sínum hefur Munsterman starfað víða um heim, oftast á vegum eftirlitsflugsveita flotans. Veturinn 1985 var hann aðstoðaryfirmaður 40. eftirlitsflugsveitar flotans og dvaldi þá á Keflavíkurflugvelli og varð síðan yfirmaður sveitarinnar að lokinni 6 mánaða dvöl á Íslandi. Á undanförnum árum hefur Munsterman gegnt ýmsum embættum sem lúta að gagnkafbátahernaði og þróun hans. Eiginkona hans er Valerie frá Evanston í Illinois. Þrjár dætur þeirra hjóna, Jennifer, Erin og Heather, dvelja í foreldrahúsum á Keflavíkurflugvelli, en tveir synir, Michael og Eric, eru í Bandaríkjunum.

Richard E. Goolsby fráfarandi yfirmaður heldur til Norfolk í Virginíu þar sem hann mun taka við starfi yfirmanns þeirrar deildar flotans sem annast þjálfun í gagnkafbátahernaði. Fjöldi tiginna gesta var við athönina. Ávörp fluttu Thomas F. Hall varaaðmíráll og Charles E. Cobb jr. sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi og hljómsveit úr flotanum frá Memphis í Tennessee lék þjóðsöngva Íslands og Bandaríkjanna.

-BB



James I. Munsterman, hinn nýi yfirmaður flotastöðvarinnar, til vinstri, og eiginkona hans Valerie og fráfarandi yfirmaður, Richard E. Gollsby, skera fyrstu sneiðina af tertu sem boðin var af þessu tilefni.

Kjarvalsstaðir:

Höggmyndalist

Á Kjarvalsstöðum stendur yfir í öllu húsinu yfirlitssýning á íslenskri höggmyndalist fram til ársins 1950.

Á sýningunni eru verk eftir Einar Jónsson, Ásmund Sveinsson, Sigurjón Ólafsson, Gunnfríði Jónsdóttur, Guðmund frá Miðdal, Ríkharð Jónsson, Magnús Á. Árnason, Nínu Sæmundsson og Martein Guðmundsson.

Sýningin er framlag Kjarvalsstaða til Listahátíðar 1990 og er þetta síðasta sýningarhelgin.

Kjarvalsstaðir eru opnir daglega frá klukkan 11-18 og er veitingabúðin opin á sama tíma.

FISKVERÐ Á UPPBOÐSMÖRKUÐUM – HEIMA

4. júlí.

FISKMARKAÐUR hf. í Hafnarfirði

	Hæsta verð	Lægsta verð	Meðalverð	Magn (lestir)	Heildarverð (kr.)
Þorskur	95,00	20,00	63,56	7,667	487.922
Ýsa	121,00	40,00	82,32	2,194	180.603
Karfi	32,50	16,00	20,10	1,255	25.248
Ufsi	20,00	20,00	20,00	0,699	13.980
Steinbítur	58,00	26,00	29,30	1,631	47.782
Langa	20,00	19,00	19,50	0,413	8.073
Lúða	330,00	240,00	259,08	0,092	23.835
Koli	50,00	50,00	50,00	0,523	26.150
Smáþorskur	20,00	20,00	20,00	0,522	10.440
Smáufsi	10,00	10,00	10,00	1,418	14.180
Keila	19,00	19,00	19,00	0,045	855
Gellur	305,00	205,00	289,38	0,096	27.780
Skötuselur	255,00	255,00	255,00	0,008	2.040
Skötuselur	165,00	165,00	165,00	0,013	2.145
Blandaður	19,00	19,00	19,00	0,048	912
Þorskur st.	93,00	93,00	93,00	0,187	17.391
Samtals			52,86	16,822	889.336

FISKMARKAÐUR SUÐURNESJA hf.

Þorskur	95,00	50,00	70,54	9,351	653.597
Ýsa	96,00	45,00	64,66	2,439	157.701
Karfi	24,00	10,00	11,82	10,494	123.999
Steinbítur	60,00	15,00	35,28	1,207	42.583
Hlýri	35,00	35,00	35,00	0,327	11.445
Langa	35,00	30,00	31,63	0,267	8.445
Lúða	400,00	30,00	180,75	0,214	38.680
Sólkoli	60,00	60,00	60,00	0,031	1.860
Keila	27,00	10,00	25,69	3,739	96.095
Grálúða	30,00	30,00	30,00	0,401	12.030
Skata	63,00	63,00	63,00	0,145	9.135
Skötuselur	395,00	395,00	395,00	0,039	15.405
Ufsi	42,00	9,00	21,04	6,334	133.242
Undirmál	20,00	20,00	20,00	0,090	1.800
Samtals			37,40	35,079	1.312.017

Á morgun verður selt u.þ.b. 1 tonn af humfri af Ósk.

FISKVERÐ Á UPPBOÐSMÖRKUÐUM – YTRA

GÁMASÖLUR í Bretlandi 4. júlí.

	Hæsta verð (kr.)	Lægsta verð (kr.)	Meðalverð (kr.)	Magn (lestir)	Heildarverð (kr.)
Þorskur	118,62	57,17			
Ufsi	97,89	89,32			
Karfi	103,61	51,45			

ÞÝSKALAND 4.júlí.

Þorskur	161,59	112,78			
Ýsa	158,22	122,88			
Ufsi	63,96	43,76			
Karfi	95,94	85,84			

Skoðanakönnun um viðhorf til Evrópumála:

56% telur aukið samstarf við Evrópuþjóðir bæta lífskjör

56% Íslendinga telur að aukið samstarf við þjóður Vestur Evrópu muni bæta lífskjör í landinu. 7% telja að lífskjör muni rýrna en 38% áhrifin verða lítil. Þetta er ein af niðurstöðum skoðanakönnunar sem Félagsvísindastofnun Háskólans hefur gert fyrir Samstarfshóp atvinnulífsins um evrópska samvinnu, og gerð er grein fyrir í nýju fréttabréfi Félags íslenskra iðnrekenda.

73% svarenda telja að íslenskt efnahagslíf hafi gott af auknu samstarfi við þjóðir V—Evrópu, 11% telja að áhrifin verði neikvæð. Þá eru 58% hlynntir því að evrópsk fyrirtæki geti tekið þátt í íslenskum atvinnurekstri, 32% eru andvígir en 11% óákveðnir.

47% þeirra sem þátt tóku í könnuninni telja að aukin þátttaka í samstarfi Vestur-Evrópuþjóða muni efla íslenska menningu og menntir. 44% telja áhrifin verða lítil en 9% telja aukið samstarf munu veikja íslenska menningu og menntir.

Spurningu um hvort æskilegt sé að ríkisborgurum frá V—Evrópu sé gert auðveldara að flytjast búferlum og starfa hér gegn því að Íslendingum sé auðveldað að búa og starfa í löndum V—Evrópu svöruðu 54,1% þannig að þetta væri æskilegt, 32,8% töldu þetta óæskulegt en 13,1% voru óákveðnir.

Þá töldu 55% aðspurðra að það hefði lítil áhrif á stjórnarfar hérlendis að Ísland tæki aukinn þátt í samstarfi V-Evrópuþjóða en 35% töldu slíka þróun mundu bæta stjórnarfar hérlendis en 10% töldu stjórnarfarið bíða skaða af auknu samstarfi.

Áður hefur í Morgunblaðinu verið gerð grein fyrir nokkrum niðurstöðum þessarar könnunar, svo sem þeim að þorri svarenda, um 86%, taldi ekki koma til greina að veita EB-ríkjum aðgang að íslenskum fiskimiðum gegn aðgangi að mörkuðum; fylgjendur EB-aðildar eru fleiri en andstæðingar og að þeim sem eru óákveðnir í afstöðu til málsins fer fækkandi.

Könnunin náði til 1500 manna slembiúrtaks úr þjóðskrá. Svör bárust frá um 70% þátttakenda.

Leiðrétting

Í frétt Morgunblaðsins af þeim atburði í Núpsvötnum þegar tveir menn festu jeppa sinn í ánni sl. föstudagskvöld var því haldið fram að mennirnir væru félagar í Hjálparsveit skáta í Kópavogi. Samkvæmt upplýsingum frá Hjálparsveitinni er það ekki rétt og leiðréttist það hér með.

■ *VATNSLITAMYNDIR af íslensku landslagi* eftir **David White** eru til sýnis í skólahúsinu við **Hótel Eddu, Nesja. Síðasti sýningardagur er í dag og er opið frá klukkan 14-22.**